

FUNDARBOÐ

**1806. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, 23. maí 2018 og
hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 1802033 - Hraun vestur, aðalskipulagsbreyting

5.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 30.apríl sl.
Lögð fram á ný tillaga að breyttu aðalskipulagi reits sem afmarkast af Reykjavíkurvegi, Fjarðarhrauni og Flatahrauni. Landnotkun reitsins breytist úr athafnasvæði, verslunar og þjónustusvæði og íbúðarsvæði í miðsvæði. Lögð fram skipulagslýsing dags. 25. apríl 2018.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir lýsingu vegna breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 á reit sem afmarkast af Reykjavíkurvegi, Fjarðarhrauni og Flathrauni og að málsmeðferð verði í samræmi við 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2. 1708457 - Hraun vestur, deiliskipulag

8.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 15.maí sl.
Lögð fram tillaga að rammaskipulagi reits sem afmarkast af Reykjavíkurvegi, Fjarðarhrauni og Flatahrauni. Landnotkun og uppbygging reitsins tekur mið af verslun, þjónustu og íbúðarsvæði. Lögð fram tillaga Teiknistofu Arkitekta og Krads arkitekta dags. 15.05.2018.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir rammaskipulagið og vísar því til áframhaldandi úrvinnslu og leggur til að erindið verði kynnt í bæjarstjórn.

3. 1211376 - Ásvallabraut tenging Valla og Áslands, deiliskipulag

11.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 15.maí sl.
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 14/2 2018 breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar dags. 12.05.2016, 2013-2025 og hún að hún yrði auglýst í samræmi við 1. mgr. 36.gr. laga 123/2010. Einnig var samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi aftur samhliða framangreindri aðalskipulagsbreytingu ásamt breytingum á skipulagsmörkum við Ásland 3 og Hlíðarþúfum skv. 1. mgr. 41. gr skipulagslaga 123/2010. Skipulags- og byggingarráð hafði samþykkt erindið á fundi sínum þann 9. feb. s.l. Aulýsingatími er liðinn og athugasemdir bárust. Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa. Á fundi ráðsins þann 30. apríl sl. var óskað eftir viðbótar hljóðgreiningu. Helga Stefánsdóttir mætir á fundinn og gerir grein fyrir henni.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir framlagða umsögn skipulagsfulltrúa. Skipulags- og byggingarráð leggur til við bæjarstjórn að erindinu verði lokið í samræmi við 2. mgr. 32. gr. laga 123/2010 og 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga 123/2010.

4. 1509436 - Sörli, hestamannafélag, deiliskipulagsbreyting.

12.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 15.maí sl. Skipulags- og byggingarráð samþykkti á fundi sínum þann 3. október 2017 breytingu á deiliskipulagi fyrir Sörlasvæðið og að auglýsa tillöguna í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Auglýsingatíma er lokið. Athugasemdir bárust. Lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagsþjónustu dags. 1. mars 2018. Tekið fyrir að nýju en afgreiðslu málsins var frestað á fundi ráðsins þann 6. mars 2018 og 30. apríl 2018. Lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagsþjónustu.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir umsögn umhverfis- og skipulagsþjónustu dags. 01.03.2018 og að málinu verði lokið í samræmi við 42 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 Skipulags- og byggingarráð vísar erindinu til afgreiðslu bæjarstjórnar samanber 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga 123/2010.

Fulltrúar Samfylkingarinnar og Vinstri grænna sitja hjá og óska bókað:

Við teljum að ekki væri um bílastæðavandamál að ræða ef núverandi bílastæði væru ekki nýtt undir kerrur, vagna ofl. Með vísan til innkomna athugasemda varðandi það að ekki sé þörf á fjölgun bílastæða, þá erum við ekki sammála umsögn sviðsins um aukning bílastæða sem segir „...einungis um 30 stæði“. Því það samsvarar aukningu um upb. 400 fermetrar af landi undir bílastæði. En aukning bílastæða mun augljóslega valda óþarfa jarðraski. Til þess að svæðið og starfsemi Sörla nái að blómstra vonumst við eftir betri og farsælli lausn.

5. 1709028 - Hellisgerði 100 ára

9.liður úr fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 16.maí sl. Lagðar fram tillögur starfshóps um endurbætur á Hellisgerði.

Umhverfis- og framkvæmdaráð leggur til að vinna við heildarskipulagningu garðsins fari af stað og felur umhverfis- og skipulagsþjónustu að vinna málið áfram.

6. 1804550 - Nú framsýn menntun, þjónustusamningur

5.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 16.maí sl. Samningur lagður fram til samþykktar.

Málinu er vísað til afgreiðslu á næsta bæjarstjórnarfundi 23. maí nk.

7. 1611074 - Kynjajafnrétti í íþróttum

6.liður úr fundargerð íþróttá- og tómstundanefndar frá 18.maí sl. Lögð fram skýrsla ÍTH um kynjajafnrétti í íþróttum í Hafnarfirði.

Í skýrslunni kemur fram að ekki öll félög/deildir notast við jafnréttisstefnu og jafnframt kemur fram að sum félög og deildir sem að styðjast við jafnréttisstefnu fari ekki að fullu eftir þeim. Því miður virðist vera eins og að jafnréttisstefnan sé aðeins til sýnis. Ítrekað kom fram í svörum frá félögunum/deildunum að það væri alveg óþarfi að fara í átaksverkefni eða gera mælingar á kynjahlutfalli iðkenda eða

jafnréttisstefnunni vegna þess að það væru allir jafnir.

Það dugar ekki að hafa jafnréttisstefnu ef félag/deild telur að það þurfi ekki að styðjast við jafnréttisstefnu og nota hana sem tól/verkfæri til þess að ná fram sem mestum jöfnuði í starfi félaganna. Það verður áhugavert að sjá hvernig mál þróast og hvort að árangur náist í jafnréttismálum innan íþróttafélaga Hafnarfjarðar þar sem það á við. Í svörum frá íþróttafélögunum má greina að jafnréttisfræðsla er ábótavant og má þar margt bæta. Einnig kom fram að félög hafa ekki alltaf tök á að fara á að fara í hin ýmsu átaksverkefni vegna skorts á fjármagni. Það ætti ekki að vera til fyrirstöðu fyrir félögin að halda jafnréttisfræðslu.

Það eru líka margt sem er jákvætt, æfingatímum er vel/ágætlega skipt upp á milli kynja og aldursflokka, og samkvæmt svörum frá félögunum/deildunum þá fara laun ekki eftir kyni heldur reynslu og menntun og jafnt aðgengi er að endurmenntun. Félögin eru meðvituð um bæði kynin séu jafn áberandi í fræðslu- og kynningarefni sem koma frá félögunum/deildunum og jafnframt er jafnræði í verðlaunum. Einnig kom fram misræmi milli kynningu deilda innan félaga, sumar fara í skóla til þess að kynna starfið sitt á meðan aðrar telja það bannað. Það þarf að samræma aðgengi tómsunda- og íþróttafélaga að kynningu til barna í bæjarfélaginu. Jafnræði verður líka að vera í aðgengi að kynningarefni og kynningum.

Í flestum boltaíþróttum er kynjahlutfallið iðkenda um 60%/40% þar sem kvenkyns iðkendur eru í minnihluta. Það er á ábyrgð þeirra félaga að jafna það kynjahlutfall og vinna með styrkingu á kvennaflokkum félaganna. Það er jákvætt að félögin flest eru meðvituð um mikilvægi jafnréttisáætlana og að setja sér stefnu í jafnréttismálum. Sum sérgreinasamböndin viðrast halda vel utan um sín félög, eins og Frjálsíþróttasambandið með launatöflum og öðrum viðmiðum. Það þarf að styðja íþróttafélögin í því að koma á á virkum jafnréttisáætlunum. Íþróttabandlag Hafnarfjarðar, Íþróttá- og tómsundanefnd, Íþróttafulltrúa Hafnarfjarðar, ÍSí, sérgreinasamböndin og íþróttafélögin verða vinna saman að því að hvert eitt og einasta félag setji sér skýrar siðareglur og jafnréttisáætlun. Að þessum stefnum sé fylgt eftir með mælingum og áætlunum. Hafnarfjarðarbær hefur stigið fyrsta skrefið í þá átt með ákvörðun Bæjarstjórnar að setja á laggirnar óháð fagráð.

Íþróttá- og tómsundanefnd vísar málinu til bæjarstjórnar og nefndin leggur til að bæjarstjórn skilyrði fjármagn til íþróttafélaga til að tryggja unnið sé eftir virkum jafnréttisáætlunum.

8. 1706255 - Uppbygging íþróttamannvirkja, aðstaða til knattspyrnuíðkunar

Til umræðu

9. 1611442 - Leikskólar og dagforeldrar, gjaldskrá og afsláttur

Lagt fram til samþykktar nýjar reglur og skilyrði til einkarekinna leikskóla.

Fundargerðir

10. 1801218 - Fundargerðir 2018, til kynningar í bæjarstjórn.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 16.maí sl.

a. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 4.maí sl.

b. Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 13.apríl og 4.maí sl.

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 15.maí sl.

Fundargerð fræðslaráðs frá 16.maí sl.

s. Fundargerð íþróttá- og tómsundanefndar frá 9.maí sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 18.maí sl.
Fundargerð bæjarráðs frá 15.maí sl

18.05.2018

Haraldur L. Haraldsson, bærarstjóri